

Samráðsfundur

Dags: 8. Sept. 2008, kl. 11:00

Aðili: Landssamband veiðifélaga

Fulltrúar: Óðinn Sigbórsson, formaður, Árni Snæbjörnsson, frkvstj.

Tengiliðir: arni@angling.is

Viðstaddir stjórnarmenn: Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Hjörleifur Kvaran, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir, Tómas Þór Tómasson.

1. LV starfar skv. lögum en innan sambandsins eru öll virk veiðifelög (180 talsins).
2. Gríðarlega mikilvægt fyrir LV að fylgjast með störfum Rammaáætlunar og vera til ráðgjafar og efna til skoðanaskipta um sjónarmið veiðifélaga og störf verkefnastjórnar. Leggja áherslu á að farið verði mjög varlega við hönnun og byggingu virkjana í laxveiðiám. Vatnsaflsvirkjanir liggja eðli málsins samkvæmt nær LV en fylgjast þarf einnig vel með einstökum varmavirkjunum.
3. Hafa verið að safna saman og skilgreina hagsmuni sína. Árið 2004 kom út skýrsla frá Hagfræðistofnun um hagsmuni og arðsemi veiðifélaganna. Hrein velta á markaðnum er ekki undir 3 milljarðar kr. Með afleiddum tekjum nam veltan ca. 9-10 milljörðum kr. árið 2003. Sama ár unnu um 1000 manns við þessa starfsemi. Fram hefur komið að hagsmunir félaga LV eru byggðalega jákvæðir sem stuðningur við búsetu í dreifibýli.
4. LV óskar eftir að fá að fylgjast með þeim hugmyndum sem liggja fyrir í Rammaáætlun og koma sjónarmiðum á framfæri. Landssamtökin tala á breiðum og almennum nótum en þegar einstakir virkjunarkostir koma til koma einstök veiðifélög að málinu.
5. Verkefnastjórn kallaði eftir skýrslum sem liggja hjá LV. Fram kom að þær liggja frammi annars vegar á vefsíðunni www.angling.is (Skýrsla Hagfræðistofnunar Íslands, 2004) og hins vegar á www.bondi.is.